

hann greindi á um við hinn látna verzlunarstjóra nefndrar verzlunar, að sér væri ofreiknuð, eða af hverju þessi ágreiningur var sprottinn eða hvenær hann varð til, heldur hefir það komið í ljós, að verjandi hefir ekki einu sinni munað hvernig umræddum víxilviðskiptum hans við verzlunina var háttað og um tímann, sem þau áttu að gerast á, munar jafnvel tveimur árum. Ennfremur hefir verjandi í einu varnarskjali sínu heimitað framlagða viðskiptareikninga sína fyrir árin 1925 og 1926, en í öðru mótmælt verzlunarinnar, án þess þó að hafa ofangreinda reikninga fyrir sér í málinu. Yfirhöfuð eru mótmæli og mótbárur verjanda gegn hinni umsóttu kröfu sækjandans svo reikul og órökstudd að réttarins áliti, að þau upplýsa ekki um tilefni ágreiningsins í málinu eða hvernig honum hafi í raun og veru verið varið. Verður því ekki auðið að taka kröfur verjandans í máli þessu til greina, heldur verður að leggja hinn framlagða viðskiptareikning sækjanda til grundvallar fyrir kröfu hans í máli þessu og dæma verjanda til að greiða reikningsupphæðina kr. 810,48 með áföllnum 6% vöxtum frá 1. janúar 1928 til þess, er mál þetta var þingfest þ. 16. nóvember s. á., en frekari vaxta hefir sækjandi ekki krafist eftir því sem kröfur hans verða skildar í máli þessu. Eftir þessum úrslitum ber einnig að dæma verjanda til að greiða sækjandanum málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn 30 krónur.

Óhjákvæmlegar embættisannir hafa valdið því, að dómur hefir ekki verið fyrir kveðinn upp í málinu en nú að afloknum manntalsþingum.

Miðvikudaginn 18. febr. 1931.

Nr. 135/1929. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)

gegn

George Smith (Lárus Fjeldsted).

Sýknun.

Dómur lögregluréttar Seyðisfjarðarkaupstaðar 15. okt. 1929: Kærður, George Smith, greiði 12500 króna sekt til Landhelgisjórðs Íslands og

komi í stað sektarinnar 6 mánaða einfalt fangelsi, ef hún verður ekki greidd innan viku frá lögbirtingu dóms þessa. Allur afli og öll veiðarfæri — þar með taldir dragstrengir í botnvörpunum „Nebris“ G. Y. 84, sé upptækt og renni andvirðið í sama sjóð.

Loks greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Þann 12. okt. 1929 var varðskipið Óðinn í eftirlitsferð á austurleið út Þistilfjörð og er komið var austur fyrir Langanes kl. 11,20 síðdegis í 0,5 sjómilu fjarlægð frá landi og vegmælir sýndi 83,2 var haldin réttvísandi stefna S. 28° V. Sá þá varðskipið botnvörpuskip, er stefndi upp að landinu og bar rétt utanvert við Fagranes. Kl. 11,47 sýndi vegmælir varðskipisins, 88,0 og var þá breytt um stefnu og stýrt/réttvísandi S. 41° V. Kl. 11,56, er vegmælir varðskipisins sýndi 89,7, bar botnvörpuskipið í Naustin og sneri þá út frá landi og kl. 12,00 á miðnætti, er vegmælir sýndi 90,5, var botnvörpuskipið að sjá í Fagranes. Kl. 0,16 þ. 13. okt. nam botnvörpuskipið staðar eftir aðvörun frá varðskipinu, og reyndist það að vera Nebris G. Y. 84, er kærði var skipstjóri á, og var bakborðsvarpa þess í sjó. Kl. 0,20 setti varðskipið út ljósdufl rétt hjá skipi kærða, og er hjart var orðið af degi, var staður ljósduflsins ákveðinn með hornmælingum varðskipisins þannig:

Gunnólfsvíkurfjall

> 119° 40'

Skálar

> 40° 15'

Langanesviti

og er staður þessi 0,9 sjómílu innan landhelgislínu þeirrar, er stjórnarráðið hefir staðfest 5. nóv. 1928, til þess að öðlast gildi 15. febr. 1929.

Kærði hefir nú viðurkennt, að þessi mæling varðskipsins sé rétt og að hann hafi verið með botnvörpu í sjó 0,9 sjómílu innan landhelgislínnar eins og hún hefir verið ákveðin 5. nóv. 1928. En hann hefir mótmælt því, að landhelgislína þessi sé gild, telur sig aðeins vera bundinn við landhelgislínu þá, er til þess tíma hafi verið í gildi og á þessum stað liggur mikið nær landi, og hefir hann neitað að hafa verið að botnvörpuveiðum innan þeirrar línu. Af hálfu verjanda kærða hér fyrir réttinum hefir því og verið haldið fram, að þessi nýja landhelgislína á þessum stað fari í bága við II. gr. í milliríkjasamningi 24. júní 1901 um tilhögun á fiskveiðum utan landhelgi í hafinu umhverfis Færeyjar og Ísland, og geti hún því ekki verið gildandi gagnvart kærða.

Á þetta verður rétturinn að fallast. Eftir staðháttum verður að líta svo á, að mynni Eiðisvíkur, sem fjarðar eða flóa, takmarkist að norðan af yzta odda við Kuml og að sunnan við yzta odda við Naustin og verður þá samkvæmt II. gr. í nefndum samningi bein lína milli þessara staða að ráða landhelgislínni þar út af, þannig, að landhelgin nær aðeins 3 sjómílu út frá þessari línu, svo sem talið hefir verið frá því samningurinn gekk í gildi og þar til ný landhelgislína var sett 5. nóv. 1928. Það verður því að leggja hina eldri landhelgislínu til grundvallar fyrir dómi í máli þessu, en skip kærða var 0,6 sjómílu utan þeirrar línu, er varðskipið stöðvaði það.

Af hálfu sækjanda hér fyrir réttinum hefir því nú verið haldið fram, að kærði hafi í umrætt skifti

verið að botnvörpuveiðum einnig innan hinnar eldri landhelgislínu og byggir hann það á því, að miðanir varðskipsins til skips kærða, kl. 11,20, kl. 11,56 og kl. 12,00 sýni þetta. Hefir forstöðumaður stýrimannaskólans í Reykjavík sett þessar miðunarlinur, ásamt eldri og nýju landhelgislínunni, út á sjóuppdrátt, er lagður hefir verið fyrir hæstarétt og sýnir hann, að miðunarlinurnar liggja að nokkru leyti fyrir utan og að nokkru leyti fyrir innan eldri landhelgislínuna.

En þar sem ekki er upplýst hvar í miðunarlinunum skip kærða hefir verið á hinum tilgreindu tímum, þá verður það eigi með þessum miðunum varðskipsins talið sannað, að kærði hafi verið í landhelgi, enda eru miðanir varðskipsins gerðar eftir sjónhendingu, þegar dimmt var af nóttu og geta því eigi talizt svo ábyggilegar, að á þeim verði byggður sakfellisdómur á hendur kærða.

Það verður þannig eigi talið sannað, að kærði hafi í umrætt skipti verið að botnvörpuveiðum í landhelgi og verður því að sýkna hann af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu og leggja allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og hæstarétti á almannafé, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, er ákveðast 120 kr. til hvors þeirra.

Mál þetta átti að koma fyrir hæstarétt í febrúarmánuði f. á., en hefir samkvæmt ósk beggja aðilja verið frestað til þessa.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, George Smith, á sýkn að vera af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu og á upptekt afla og veiðarfæra í skipi hans „Nebris“, G. Y. 84, að falla niður.

Allur kostnaður sakarinnar bæði í héraði og hæstarétti greiðist úr rikissjóði, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna Péturs Magnússonar og Lárusar Fjeldsted, 120 kr. til hvors.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn skipstjóranum á botnvörpunum „Nebris“, G. Y. 84, frá Grimsby, George Smith frá Grimsby, fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 5, 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

Með eigin játningu kærða, sem kemur heim við vitnaframburð skipherrans og fyrsta stýrimanns á varðskipinu „Óðinn“ er það sannað í máli þessu, að kærður, sem ekki er upplýst um, að áður hafi gerzt sekur um brot á islenzkri fiskveiðalöggjöf, var á veiðum á skipi sínu laugardagskvöldið 12. þ. m., innan landhelginnar sunnan við Langanes. Kom varðskipið „Óðinn“ þar að og tók skip kærða fast, fyrir innan landhelgislinuna, þar sem skipið hafði stöðvazt, eftir að varðskipið hafði skotið einu lausu skoti.

Kærður hefir kannazt við, að hafa verið að veiðum innan landhelgislinu þeirrar, sem skýrsla skipherrans á varðskipinu „Óðni“, réttarskjal 1 a og 1b tilgreinir, og viðurkennir staðarákvarðanir varðskipsins réttar. En hann segir, að landhelgislinu sú, sem tilgreind sé í réttarskjali 1 a og 1 b, sé ekki gild, heldur sé það eldri landhelgislinu, sem gildi, og sé hún innar. Kveðst hann hafa verið að veiðum fyrir utan hana, en fyrir innan landhelgislinuna nýju. Álitur hann því, að hann hafi ekki verið að veiðum í landhelgi, þar eð hann telji gömlu landhelgislinuna gilda, en ekki þá nýju.

Það verður nú að álitast, að landhelgislinu sú, sé sú rétta og gilda, sem tilgreind er í réttarskjali 1 a og 1 b, þar eð sú landhelgislinu er staðfest gild frá 15. febr. 1929, samannber áritun á sjókort strandvarnarskipsins „Óðinn“, sem sýnd var í réttinum, og tilgreind er orðrétt í réttarprófi máls þessa.

Kærður hefir því, að áliti réttarins, gerzt brotlegur við

bann 1. greinar hinna tilvitnuðu laga, og þykir refsing sú, sem hann hefir tilunnið fyrir það eftir 3. grein laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 4, 1924, hæfilega ákveðin 12500 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, með tilliti til þess, að gengi islenzkrar krónu er það í dag, eftir upplýsingum frá dómsmálaráðuneytinu, að krónan jafngildir 81,99 aurum gulls.

Verði sektin ekki greidd innan viku frá lögbirtingu dóms þessa sæti kærður í hennar stað 6 mánaða einföldu fangelsi.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, í botnvörpungnum „Nebris“, G. Y. 84, sé upptækt og renni andvirðið í sama sjóð.

Loks greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Föstudaginn 20. febr. 1931.

Nr. 28/1930: Kolbeinn Þorsteinsson

(Lárus Jóhannesson)

gegn

H/f Alliance (Jón Ásbjörnsson).

Kaupkrafa m. m. eigi tekin til greina.

Dómur sjóréttar Reykjavíkur 5. júní 1929: Stefndur, H. f. Alliance, greiði stefnandanum, Kolbeini Þorsteinssyni, kr. 2974,50 ásamt 6% ársvöxtum frá 18. febr. þ. á. til greiðsludags, innan 3ja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir í hæstarétti gert sömu aðaldómkröfu sem í undirrétti, og byggir hann kröfuna á því, að haustið 1924 hafi það verið orðin föst venja, að greiða skipstjórum botnvörpuskipa, er á venju-
legum aflatíma voru í viðgerð vegna bilunar, eigi